

3. bekkur

2022-2023

Handbók/námsáætlun



Flataskóli

Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	3
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Skipulag kennslunnar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Náms og skemmtiferðir.....	5
Vinabekkir.....	5
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	5
Samskipti kennara við foreldra.....	5
Heimanám	5
Skólasókn og viðbrögð.....	6
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	6
Námsáætlun skólaársins.....	7
Hæfnimiðað nám.....	7
Námsmat	7
Námsáætlun	8

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Andrea Stefánsdóttir	Umsjónarkennari/ Tónmennt
Auður Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Þórdís Þórðardóttir	Umsjónarkennari
Atli Jóhannesson	Íþróttakennari/sundkennari
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttakennari
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttakennari/sundkennari
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textílkennari
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmenntakennari
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíðakennari
Jóhanna G. Ólafsson	Heimilisfræðikennari
Halla Björg Ragnarsdóttir	Proskapjálfi
Íris Björk Baldursdóttir	Sérkennari

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Sýn okkar er að stuðla að fjölbreyttum leiðum í kennslu auk þess að stuðla að áframhaldandi þroska nemenda í leik og starfi. Leggja þarf kapp á frumkvæði og skapandi hugsun einnig samskipti og góða samvinnu. Allir kennarar eru nemendum fyrirmynd og í skapandi skólastarfi skiptir miklu að sérþekking og framlag allra nemenda fái að njóta sín eins og kostur er.

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Við leggjum mikla áherslu á að skapa jákvæða námsmenningu. Námsmenning og fjölbreyttir kennsluhættir eru grunnurinn í skólastarfinu. Í jákvæðri námsmenningu er lögð áhersla á ábyrgð nemenda, samvinnu, námsmarkmið, fjölbreytta tjáningu, samræður, vaxandi hugarfarar, áskoranir og endurgjöf. Með fjölbreyttum vinnuaðferðum og kennsluháttum geta kennarar og nemendur valið námsleið sem stuðlar að árangursríku námi og þroska. Við viljum að nemendur hafi trú á sjálfum sér, þori að gera mistök, þori að hugsa eigin hugsanir og tileinki sér vaxtarhugarfarar.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Í Flataskóla er lögð áhersla á menntun, árangur og ánægju.

Öll börn eiga rétt á menntun, með menntun fá börn að þroskast á eigin forsendum. Menntun gerir börnum kleift að rækta hæfileika og undirbýr þau til að lifa ábyrgu lífi í

þjóðfélaginu. Menntun getur bætt líf einstaklings og stuðlað að mikilvægum félagslegum þroska hvers einstaklings. Til þess að nám eigi sér stað er mikilvægt að reyna að koma til móts við þroska nemenda og þeirra áhugasvið og þá er hægt að segja að námið veiti þeim ánægju. Með fjölbreyttum verkefnum sem nemendur geta leyst á ólíkan hátt er hægt að vinna með áhugasvið ólíkra nemenda.

Lýsing á starfinu í árganginum

Skipulag kennslunnar

Teymiskennsla verður í 3. bekk í vetur og unnið verður með hópinn sem eina heild. Hópnum verður stokkað upp á u.þ.b. 6-8 vikna fresti allan veturinn. Skipulag kennslunnar verður fjölbreytt og áhersla verður lögð á hlutbundna kennslu og uppgötvunarnám m.a. í hringekjuformi í hverri viku. Komið verður til móts við getu nemenda í lestri og stærðfræði. Unnið verður með lestrakennsluna á fjölbreyttan hátt. Stofufundir verða tvisvar sinni í viku þar sem hóparnir ræða þau mál sem upp koma í nemendahópnum. Útitímar / hreyfitímar verða tvisvar sinni í viku þar sem ýmist verður farið í stuttar gönguferðir, hreyfileiki eða annað tengt náminu hverju sinni. Fjölval þar sem nemendur í 3. og 4. bekk geta valið sér verkefni eftir áhugasviði, þar er þeim skipt í smærri hópa þvert á árganga.

Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan starfsanda. Í því felst að allir sem starfa í skólanum stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Leiðarljós í samskiptum er gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi, kurteis framkoma og jákvæðni. Námsagi einkennist af því að taka tillit til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni; að leggja áherslu á mannréttindi, jafnrétti og lýðræðisleg vinnubrögð og leggja bann við mismunun af öllu tagi.

Til að komast til móts við fjölbreytta kennsluhætti og ólíkar þarfir nemenda leggjum við upp með fjölbreytta vinnu og lýðræðisleg vinnubrögð m.a. með samþættingu námsgreina og skapandi starfi þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna einstaklingslega og í hóp.

Helstu viðfangsefni nemenda

Megináhersla er lögð á íslensku og stærðfræði, með beinum og óbeinum hætti í samþættingu við námsgreinar. Helstu viðfangsefni í íslensku eru málfræði, ritun, stafsetning, lestur, orðaforði og lesskilningur. Í stærðfræði er lögð áhersla á samlagningu, frádrátt, margföldun, upplýsingar, tölfræði, rúmfræði og tími og mælingar. Þemaverkefni í samfélags- og náttúrufræði eru himingeimurinn, hafið, áhugasviðsverkefni og húsdýrin. Í ensku er verið að læra í gegnum leik og söng.

Stofufundir eru tvisvar sinnum í 20 mínútur á viku þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar og setja þær fram á þann hátt sem við á hverju sinni. Á stofufundum leggjumst við á eitt við að leysa mál sem eru okkur hugleikin.

Náms og skemmtiferðir

Fyrirhugað er að fara meðal annars í haustferð með vinabekknunum um nærumhverfið, skíðaferð í Bláfjöll, sveitaferð, menningarferðir, Sjóminjasafnið, fjöruferð, berjaferð í hraunið. Margar ferðir í nágrenni skólans.

Vinabekkir

Vinabekkur 3. bekkjar er 6. bekkur og er markmiðið að auka tengsl milli árganga. Eldri nemendur passa upp á yngri þar sem lögð er áhersla á að efla vináttu og samfélagskennd. Við stefnum á að hitta okkar vinabekk nokkrum sinnum yfir skólaárið. Það er lögð áhersla á að það sé notaleg og skemmtileg samverustund, spil, leikir, útivera og annað sem okkur finnst skemmtilegt.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 46 nemendur. Teymiskennsla verður í 3. bekk í vetur og verður unnið með hópinn sem eina heild. Hópnum er skipt upp á 8-10 vikna fresti, þannig kynnast nemendur og kennarar betur og viðsýni nemenda eykst. Unnið verður með fjölbreyttar kennsluáðferðir og þannig er reynt að koma til móts við einstaklinginn í náminu.

Samskipti kennara við foreldra

Umsjónarkennarar leitast við að tryggja góð og örugg samskipti á milli heimilis og skóla. Góð samskipti hafa áhrif á námsárangur, líðan og velgengni nemenda í skólanum. Mikilvægt er að kennarar fái að vita af stórum breytingum sem geta haft áhrif á líf barnanna. Samskipti kennara og heimilis fara að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst og síma. Í gegnum tölvupóst fá forráðamenn vikupóst þar sem fram koma helstu upplýsingar vikunnar sem er að líða og það sem er framundan. Forráðamenn geta sent tölvupóst á kennara sem varða hagnýt mál. Önnur viðkvæmari mál skal fjalla um með öðrum hætti, í gegnum síma eða í viðtali við kennara. Gott er að senda alla tölvupósta eða koma skilaboðum áleiðis fyrir klukkan 8:30 eða eftir 13:40. Við munum hafa samband annað hvort með tölvupósti eða hringja eftir því hvert erindið er. Ef skilaboð þurfa að komast til okkar á skólatíma þarf að koma þeim áleiðis til skrifstofu skólans.

Veikindi eru tilkynnt í gegnum Mentor, standa veikindi yfir í nokkra daga ber að tilkynna þau daglega. Umsjónarkennari getur gefið leyfi í tvo daga, ef óskað er eftir lengra leyfi þarf að sækja um það sérstaklega í gegnum Mentor og skólastjórnendur þurfa að samþykkja það. Foreldrasamtalsdagar eru á haustin og vorin. Þann 2. nóvember, 4. janúar og 12. apríl verður 3. bekkur með atriði á morgunsamveru frá kl. 8:30-8:50. Ferilmöppur nemenda verða sendar heim fimm sinnum yfir veturinn: í október, desember, febrúar, apríl og við skólaslit.

Heimanám

Heimanámið í 3. bekk er að mestu leyti tengt við heimalestur. Við leggjum áherslu á að nemendur lesi heima að lágmarki 15 mín 5 sinnum í viku. Nemendur skrifa orð/setningar sem tengjast því sem lesið er og æfast þar með í réttitun. Mjög mikilvægt er að foreldrar hlusti á nemendur og leiðbeini eftir þörfum.

Lestrarnám felst í því að læra tæknina við að lesa (umskráning) og að skilja það sem lesið er (lesskilningur). Lestæknin byggist á hljóðkerfisvitund og lesskilningurinn byggist að miklu leyti á orðaforða. Þessar tvær megin hliðar lestrarins þurfa að fara saman í lestrarnáminu þannig að um leið og börnin verða tæknilega læs eflist orðaforði þeirra og aðrir þættir lesskilnings og þekkingar. Einnig þarf að leggja áherslu á þjálfun í ritun og stafsetningu samhliða lestrinum.

Mjög mikilvægt er að gefa lestrarnámi barna athygli og tíma heima fyrir. Það hvetur barnið til dáða og stuðlar að auknum framförum.

Skólasókn og viðbrögð

Garðabær hefur sett fram ferla vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda, sjá mynd hér fyrir neðan. Þetta eru þeir ferlar sem við fylgjum í Flataskóla.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabajar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Ætluð um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til samfjölnunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabajar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

GARÐABÆR

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfnimiðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er inni í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir tiltekin tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu.

[Hér er að finna nánari útskýringar á námsmati skólans og hvernig það er uppbyggt, unnið er mað það og það er birt.](#)

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<u>Talað mál, hlustun og áhorf</u>		
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	Framburður	Hlustað á endursögn
Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	Leikræn tjáning Athygli Hlustun Virk þáttaka	Frásögn tjáning sögustund morgunsamvera Umræður í hópafundum
Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.		
<u>Lestur og bókmenntir</u>		
Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.	Umskráning hljóða	Upplestur
Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.	Valið lestrarefni eftir getu nemenda	Yndislestur Bókasafnsheimsóknir
Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.	Lestur	Yndislestur
Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.		
Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.	Upplýsingaöflun Námstækni	Veraldavefur Bækur Námsforrit
Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	Lestur Val á bókum eftir áhugasviði	Bókasafnsheimsóknir
<u>Ritun</u>		
Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	Skrift Ritun	Forskrift Sóknarskrift Ritun
Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.		
Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.		
<u>Málfræði</u>		
Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð,	Greining orða Greining málsgreina	Ritun Leikur að orðum

<p>samsætt orð og málsgrein.</p> <p>Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p>Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.</p>	<p>Stafrófið</p> <p>Orðskilningur</p> <p>Merking orða</p>	<p>Þjálfun við að raða í stafrófsröð bókstöfum og orðum</p> <p>Orðflokkun</p>
--	---	---

Stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</u></p> <p>Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.</p>	<p>Samræður um leiðir og lausnir</p>	<p>Samræður</p> <p>Hugarreikningur</p>
<p><u>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</u></p> <p>Túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.</p>	<p>Þekking aðgerðarmerkja</p>	<p>Unnið með aðgerðarmerki</p>
<p><u>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</u></p> <p>Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.</p> <p>Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.</p>	<p>Fjölbreyttar lausnaleyðir</p> <p>Talnaskilningur og verðgildi peninga</p>	<p>Rökræður og leiðir og lausnir, hlutbundin sem óhlutbundin úrvinnsla</p> <p>Kennslupeningar og leikir</p>
<p><u>Tölur og reikningur</u></p> <p>Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.</p> <p>Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.</p>	<p>Tölur</p> <p>Talnaskilningur</p> <p>Orðadæmi</p>	<p>Talnaþrautir</p> <p>leikir</p> <p>Hugarreikningur</p> <p>Leikir</p>
<p><u>Rúmfræði og mælingar</u></p> <p>Gert óformlegar rannsóknir á tví-</p>		

<p>og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.</p> <p>Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.</p> <p>Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.</p> <p>Tölfræði og líkindi</p> <p>Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.</p>	<p>Túlkun á niðurstöðum</p> <p>Tölfræði</p>	<p>Unnið með flokkun</p>
---	---	--------------------------

Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Hlustun</p> <p>Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p> <p>Samskipti</p> <p>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</p> <p>Ritun</p> <p>Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</p>	<p>Kynning</p> <p>Samskipti</p> <p>Ritun</p>	<p>Hreyfileikir og hlutverkaleikir, söngvar</p> <p>Munnlegar æfingar</p> <p>Gagnvirk efni</p>

Upplýsinga- og tæknimennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Vinnulag og vinnubrögð</u></p> <p>Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.</p> <p>Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.</p>	Samvinnuverkefni	Forritun
<p><u>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</u></p> <p>Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.</p> <p>Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.</p>	Rafrænt námsefni	Kennsluforrit
<p><u>Tækni og búnaður</u></p> <p>Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.</p>		
<p><u>Sköpun og miðlun</u></p> <p>Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.</p>	Hugbúnaður, forritun	Kynning og notkun á tækni og forritun

Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Geta til aðgerða</u></p> <p>Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.</p>	Nánasta umhverfi	Vettvangsferð
<p><u>Vinnubrögð og færni</u></p> <p>Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.</p> <p>Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.</p>	Athuganir Rannsóknir	Athuganir innan sem utan dyra
<p><u>Ábyrgð á umhverfinu</u></p> <p>Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</p>	Umhyggja fyrir umhverfinu	

<p>Lífsskilyrði manna</p> <p>Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.</p>	<p>Athuganir Rannsóknir</p>	<p>Þemavinna</p>
--	---------------------------------	------------------

Samfélagsfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</u></p> <p>Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.</p> <p>Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.</p> <p><u>Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</u></p> <p>Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</p> <p>Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.</p>	<p>Sjálfsvirðing Kurteisi Lífsleikni</p> <p>Samfélagsþekking</p>	<p>Stofufundir Hópefli Samskiptaleikir</p> <p>Vettvangsferðir umræður</p>

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.</p> <p>Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.</p> <p>Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.</p> <p>Fjallað um eigin verk og annarra.</p>	<p>Lita og formfræði.</p> <p>Myndbyggingu.</p> <p>Myndverk</p> <p>Hugtök greinarinnar</p> <p>Tjáning</p>	<p>Fræðast um heita og kalda liti og gera til þess myndverk með þekjumálningu og læra blöndun litatóna.</p> <p>Sköpum líka myndverk með öðrum miðlum eins og trélitum og pennum og lærum að byggja upp myndverk með láréttri myndbyggingu.</p> <p>Við tölum saman um hugtök greinarinnar og förum í skemmtilega spurningaleiki/keppni</p> <p>Í lok lotunnar er yfirferð þar sem nemandinn fær tækifæri á að ræða um sín verk og gefa uppbyggilega gagnrýni til annarra.</p>

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</p> <p>Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</p> <p>Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.</p> <p>Framkvæmt einfaldar samsetningar.</p> <p>Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</p>	<p>Notkun og val á verkfærum.</p> <p>Samsetningar</p> <p>Skissuteikning</p> <p>Hugmyndavinna</p> <p>Nýting efniviðar</p>	<p>Nemendur læra að nota litlar handsagir með því að saga út aukahluti fyrir lykklahúsið sitt.</p> <p>Nemendur læra að setja saman með því að þurfa að hanna og líma saman lykklahúsið.</p> <p>Nemendur læra mikilvægi skissuteikninga með því að þurfa að koma hugmyndum sínum um lykklahúsið sitt, á framfæri til kennara með skissum.</p> <p>Nemandi lærir hugmyndavinnu með því að þurfa sjálfur að ákveða stærð og lögun aukahlutanna á lykklahúsinu, teikna upp og skissa og sjá hugmynd sína færast af blaði og yfir á smíðaðan hlut.</p> <p>Nemandi lærir að nýta efnivið sinn með því að fá aðeins fyrirfram mikið efni sem hann má ráða hvernig hann nýtir og hannar á</p>

Skólaíþróttir og sund		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á þol.	Þolæfingar	Þjálfa upp þol með hlaupaleikjum/stöðvapjálfun og í sundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.
Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.	Kafa eftir hlut og þátttaka í leikjum.	Leikir, kafað eftir hlutum og flot. Sýnikennsla í sundi og annar kennarinn ofan í laug til að aðstoða við hreyfifærni og sundtök.
Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.	Skriðsund, bringusund og baksund	Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.
Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	Tilfinningar í leikjum.	Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.
Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.	Skipulagshugtök	Æfa að standa í röð og setjast á línurnar í upphaf tímans. Fylgja fyrirmælum kennara og leikreglum.
Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	Þátttaka í leikjum	Farið ítrekað yfir reglur og útfærslur í ýmsum leikjum. Virkja nemendur til þátttöku og skemmtunar í leik. Sýnikennsla og leikir æfðir reglulega til að nemendur framfylgi leikreglum og njóti þessa að taka þátt.

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nemandi getur: -farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess algeng mæli- og eldhúsáhöld.	Hvað í hæfniviðmiðinu er það sem nemandinn lærir: - vinnur eftir einfaldri uppskrift. - notar mæliskeiðar og dl mál	Hvernig gerir hann það? -Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift, notar mæliskeiðar og dl mál.

-skilið einfaldar umbúðamerkingar.	-kynnist nokkrum merkingum sem finna má á umbúðum.	-Nemandi lærir að þekkja nokkrar algengustu umbúðamerkingar með því að vinna verkefni í vinnubók.
-nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.	-nýta netmiðla.	-Nemandi lærir að nýta sér miðla til að vinna eftir með því að leita sér að uppskriftum og vinna eftir þeim.

Textílmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</p> <p>Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.</p> <p>Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.</p>	<p>Vinna eftir munnlegum og sýnilegum leiðbeiningum.</p> <p>Notkun á aðferðum og áhöldum í textíl</p> <p>Skissuvinna</p> <p>Umræður um föt, efni munstur</p>	<p>Nemendur:</p> <p>Gera bangsa þar sem þjálfast í skissugerð og huga að efnum og mynstrum og skrauti.</p> <p>Nota textíltússliti</p> <p>Festa saman efni með títuprjónum og mæla fyrir saumförum</p> <p>Vinna saumavélaræfingu</p> <p>Þjálfast í að sauma efni í saumavél</p> <p>Læra að fylla bangsana sína með tróði,og sauma saman með nál og tvinna</p>

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Tjáning og miðlun</u></p> <p>Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.</p>	Tjáning	Frásögn Stofufundur
<p><u>Skapandi og gagnrýnin hugsun</u></p> <p>Tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur.</p>	Hlustun og umræður	
<p><u>Sjálfstæði og samvinna</u></p> <p>Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.</p>	Fylgja fyrirmælum Sjálfstæði	Valverkefni

<p><u>Nýting miðla og upplýsinga</u></p> <p>Leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum.</p> <p><u>Ábyrgð og mat á eigin námi</u></p> <p>Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi.</p>	<p>Ábyrgð</p> <p>Upplýsingaöflun Námstækni</p> <p>Meðvitund um eigin styrkleika og nám</p>	<p>Markmiðsetning</p> <p>Tímastjórnun</p> <p>Námsbækur</p> <p>Námsforrit</p> <p>Veraldavefur</p>
--	--	--